

# M A T S G E R ð

á arðskrá fyrir

Veiðifélagið Flóku í Borgarfirði

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður

## 1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 26. maí 2005, fór stjórn veiðifélagsins Flóku í Borgarfirði fram á það við yfirmatsnefnd skv. þágildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 að gerð yrði ný arðskrá fyrir félagið. Í bréfinu kemur fram að stjórn veiðifélagsins hafi samþykkt að gerð nýrrar arðskrár yrði skotið beint til yfirmatsmanna skv. 4. mgr. 101. gr. laganna. Fram kemur að eigendur eða umráðamenn allra jarða sem land eigi að fiskihverfi Flóku séu því samþykkir og hafi undirritað yfirlýsingu þar að lútandi. Þá segir í bréfinu að þar sem fyrir liggja skriflegt samþykki allra þessara aðila sé það ósk veiðifélagsins að yfirmatsmenn geri nýtt arðskrármat, án undirmats, fyrir Flókadalsá. Var þess óskað að matið tæki gildi frá og með áramótum 2006-2007.

Með bréfi, dags. 26. janúar 2007, framsendi formaður yfirmatsnefndar beiðni þessa til matsnefndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Í bréfinu kom fram sú skýring að á þeim tíma sem matsbeiðnin barst hefðu yfirmatsmenn nýlega hafið störf vegna skiptingar arðs fyrir Veiðifélag Miðfirðinga. Hefði nefndin ekki talið unnt að hefja störf við mat Flókadalsár fyrr en mati Miðfjarðarár væri lokið. Ekki hefði tekist að ljúka því mati fyrr en um það leyti sem ný lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 tóku gildi. Voru síðan í bréfinu rakin ákvæði um gildistöku og skil milli verkefna matsnefnda samkvæmt eldri lögum og yngri. Einnig var vakin athygli á því að tveir af þremur yfirmatsmönnum hefðu reynst vanhæfir til að eiga hlut að mati á skiptingu arðs fyrir veiðifélagið. Að þessu virtu sýndist ótvírætt að skipting á arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóku heyrði undir matsmenn samkvæmt yngri lögum. Í samræmi við það væri erindið framsent til matsnefndarinnar.

Með tilliti til ofanritaðs, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar. Matsnefnd sendi bréf til Veiðifélagsins Flóku, dags. 9. mars 2007, þar sem óskað var eftir helstu gögnum varðandi vatnasvæðið. Síðar verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

## 2. Vettvangsganga

Miðvikudaginn 5. september 2007 fóru matsmenn á vettvang ásamt Ólöfu Guðbrandsdóttur, formanni veiðifélagsins, og stjórnarmönnum Sigurði Jakobssyni og Benedikt G. Líndal. Fór Ólöf með matsmönnum um neðsta hluta Flókadalsár en Sigurður og Benedikt fylgdu matsmönnum alla vettvangsgönguna.

Vatnasvið Flókadalsár mælist 160 km<sup>2</sup> og flokkast áin sem dragá, en lindaréinkenni eru mjög sterk, sérstaklega á efri hluta árinna. Áin er fremur vatnmikil miðað við stærð vatnasviðs og hefur meðalsummarrennsli árinna verið áætlað 3,1 m<sup>3</sup>/s. Upptök Flókadalsár eru í um 400 m hæð vestan undir Oki, upp af Flókadal. Heildarlengd árinna telst um 35

km. Þar af eru rúmir 18 km innan félagssvæðisins, sem nær frá ósi upp að Drangi við Flókadalsá og að neðsta fossi í Engjadalsá, sem er helsta þverá árinna. Þá falla nokkrir lækir til Flókadalsár.

Bygging fiskvega hefur opnað víðáttumikil svæði fyrir laxfiska á vatnasvæði Flókadalsár. Pokafoss og Hjálmsfoss voru gerðir fiskgengir árið 1948, en við þá aðgerð náði lax að ganga að Stekkjarfossi í Hríslágljúfri. Stekkjarfoss var sprengdur árið 1988 og eftir það komst lax að Lambafossi, sem var sprengdur ári síðar. Sú framkvæmd tókst ekki sem skyldi, en með lagfæringum á vatnsrennslinu um fiskveginn hefur lax í einhverjum mæli náð að ganga upp fyrir Lambafoss frá árinu 1995 og hefur nýliðun laxaseiða verið staðfest í Flókadalsá frá Lambafossi að Drangi og í Engjadalsá að neðsta fossi í ánni.

Skoðun Flókadalsár hófst neðst við ána og var haldið upp með henni. Á neðsta svæðinu rennur áin frekar lygn um áreyrar. Víða er árbotninn malarkenndur. Stansað var við veiðistaðinn Brúnkollufljót, sem merktur er nr. 1, en þar fyrir neðan eru níu veiðistaðir merktir 101-109. Frá Brúnkollufljóti var haldið upp að brúnni á þjóðveginum og áfram upp með ánni. Þarna er land orðið grýttara og víða flúðir í ánni. Ofan brúarinnar rennur áin í gili og eru þar víða fallegir veiðistaðir.

Skoðun var haldið áfram upp með ánni. Þegar farið var um land Skóga bættust í hópinn eigendur jarðarinnar, þeir Birgir J. Jóhannsson, Birgir Þorgilsson og Matthías Á. Mathiesen. Sýndu þeir matsmönnum veiðistaði og aðstæður fyrir landi sínu auk þess sem þeir héldu fram mikilvægi lækja, m.a. Djúpalækjar, fyrir lífríki árinna. Á þessu svæði, þ.e. neðan við Hríslágljúfur, minnkar halli árfarvegarins, áin breiðir úr sér og einkenna áreyrar þetta svæði. Áfram var haldið og upp að Hríslágljúfrum og þaðan vegleysur allt upp að Lambafossi, nú í fylgd með veiðiréttareigendum ofan við Lambafoss, þeim Þórdísi Sigurbjörnsdóttur, Hrísum, Jóni Gíslasyni, Lundi, og Sigurði Halldórssyni, Gullberastöðum. Ekki var farið með ánni ofan við Lambafoss, en fossinn var skoðaður og allar aðstæður í námunda við hann. Eigendur lýstu ánni þar ofan við fyrir matsmönnum.

Aðgengi að veiðistöðum er ágætt. Merkingar eru góðar þannig að við hvern veiðistað er merki með númeri og nafni staðarins. Veiði er skráð á yfir 70 veiðistaði samkvæmt skilgrein Veiðimálastofnunar um skiptingu á veiði í Flókadalsá eftir veiðistöðum.

Ekki er laxateljari í Flókadalsá. Hins vegar var í nokkur ár nálægt síðustu aldamótum fylgst með laxgengd á svæðinu ofan við Lambafoss með því að setja niður gildru ofan við fossinn.

Veiðifélagið byggði gott veiðihús fyrir fáum árum og kom það í stað eldra húss. Þá voru endurbættir vegaslóðar við ána fyrir um 10 árum og borguðu landeigendur helminginn af þeirri framkvæmd en veiðifélagið helminginn.

### 3. Matsfundur

Að lokinni vettvangsgöngu var haldinn fundur í Félagsheimilinu Brún í Bæjarsveit með veiðiréttareigendum eða fulltrúum þeirra, en stjórn veiðifélagsins hafði boðað þá til fundarins samkvæmt ósk matsnefndar í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Spurt var hvort gerðar væru athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins. Engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Upplýst var að fyrir lægi skýrsla um mælingu á bakkalengd Flókadalsár, upp að Lambafossi, sem unnin var af Guðmundi Sigurðssyni. Kom fram að allir veiðiréttar-eigendur hefðu samþykkt að mælingin yrði notuð við arðskrármat árinna. Þá var kynnt ný mæling á ánni fyrir ofan Lambafoss. Liggur fyrir að í kjölfar fundarins hafa allir veiðiréttareigendur á því svæði samþykkt að sú mæling verði notuð við matið.

Nefndarmenn bentu á að landeigendum gæfist síðar kostur á að koma skriflegum athuga-semendum sínum á framfæri. Á fundinum var upplýst hvaða gögnum hefði verið skilað til matsnefndarinnar.

Eigendur eða fulltrúar eftirtalinna jarða eða landareigna sátu fundinn: Ólöf Guðbrands-dóttir, Nýja-Bæ II, Þórir Ólafsson, Bæ I, Birgir Þorgilsson, Birgir Jóhannsson og Matthías Á. Mathiesen vegna Skóga, Gunnar Egilsson, Bæ II, Dagbjartur Areliusson, Steðja, Benedikt Línadal vegna Eyrar, Sigurður Halldórsson, Gullberastöðum, Ásdís Sigurðar-dóttir, Brúsholti, Þórdís Sigurbjörnsdóttir, Hrísum, Jón Gíslason, Lundi, Þorsteinn Þorsteinsson, vegna Lundartungu, Jón Blöndal, Langholti og Sigurður Jakobsson, Varmalæk. Þá var formaður félagsins, Ólöf Guðbrandsdóttir, með umboð fyrir Kristin Reynis-son, Nýja-Bæ.

### 4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélagið Flóka. Félagið starfar samkvæmt samþykktum nr. 1082/2007, sem staðfestar voru af Landbúnaðarstofnun 1. nóvember 2007 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda 21. nóvember sama ár. Kom sú samþykkt í stað eldri samþykkt frá 17. febrúar 2004.

Í 3. gr. samþykktanna kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur jarða og jarðareigna, sem land eigi að fiskihverfi Flókadalsár, sem nær frá Ósi að Drangi við Flókadalsá og að neðsta fossi í Engjadalsá.

Samkvæmt 4. gr. samþykktanna er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafi henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Jafnframt beri félaginu að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá sé félaginu heimilt að stunda fiskirækt í samræmi við gildandi fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

Gögn benda til að fyrsta arðskrá félagsins hafi verið samþykkt á félagsfundum 1957 og hún gilt þangað til ný arðskrá var staðfest og birt í Stjórnartíðindum 11. apríl 1964. Þá var gerð arðskrá sem tók gildi við upphaf veiðitíma árið 1994 og var hún unnin af þáverandi yfirmatsnefnd. Nýjar samþykktir fyrir veiðfélagið tóku gildi í ársbyrjun 2004. Var þar kveðið á um að fiskihverfi Flókadalsár næði frá Ósi að Drangi við Flókadalsá og að neðsta fossi í Engjadalsá. Samkvæmt eldri samþykktum náði fiskihverfið frá Ósi að Lambafossi í Flókadalsá. Í framhaldi af þessari breytingu var ný arðskrá samþykkt á félagsfundum hinn 15. júní 2004 og skyldi hún gilda árin 2004-2006. Arðskráin var undirrituð af landbúnaðarráðherra 8. október 2004 og birt í Stjórnartíðindum.

## **5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir**

Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins eiga eftirtaldar jarðir og landareignir land að fiskihverfi Flókadalsár: Lundartunga, Gullberastaðir, Lundur I, Lundur III, Hrisar, Eyri, Skógar, Múlastaðir, Brúsholt, Steðji, Varmalækur, Hellur, Bær, Bær II, Laugabær, Nýi-Bær, Nýi-Bær II, Langholt og Laugarholt.

## **6. Rekstur veiðivatna**

Samkvæmt upplýsingum stjórnar veiðifélagsins var algengt á fyrstu árum þess að leigutakar árinna greiddu leiguna með vinnu við gerð laxastiga og einnig með því að flytja seiði í ána til ræktunar. Það var svo um eða skömmu eftir 1971 að byrjað var að leigja ána út gegn greiðslu. Á seinni hluta níunda áratugarins fór veiðifélagið sjálft að annast sölu á einstökum veiðidögum til veiðimanna og hefur það verið svo allar götur síðan.

Samkvæmt rekstrarreikningi veiðifélagsins voru tekjur af seldum veiðileyfum 9,5 milljónir króna árið 2004. Þessar tekjur hækkuðu í 10,2 milljónir 2005, í um 11,4 milljónir árið 2006 og voru komnar í tæpar 13 milljónir árið 2007. Arðgreiðslur til félagsmanna voru 6,4 milljónir króna árin 2004 og 2005, þær hækkuðu í 7,8 milljónir árið 2006 og voru 8,8 milljónir árið 2007.

## **7. Sjónarmið eigenda veiðiréttar**

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga sendu matsmenn hinn 25. október 2007 bréf til allra eigenda veiðiréttar í Flókadalsá þar sem þeim var gefinn kostur á að senda til nefndarinnar skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Bárust nefndinni nokkur bréf frá eigendum Skóga, ásamt ítarlegum gögnum varðandi ána. Sameiginlegt bréf barst frá eigendum Steðja, Langholts, Laugarholts, Bæjar I, Bæjar II og Nýja-Bæjar. Einnig barst bréf frá veiðiréttareigendum ofan við Lambafoss, ásamt fylgigögnum. Þá barst nefndinni bréf lögmanns eigenda Langholts og Laugarholts og verður vikið að því í kafla 9.2 hér á eftir.

### **7.1. Steðji, Langholt, Laugarholt, Bær, Bær II og Nýi-Bær**

Eigendurnir kveðjast ósammála því sjónarmiði sem heyrst hafi að hver eining bakkalengdar eigi að hafa sama vægi á öllu félagssvæðinu. Telja þeir að með tilliti til verðmætasköpunar megi í grófum dráttum skipta félagssvæðinu í fjóra hluta: 1) Svæðið frá ósi og upp að Hjálmsfossi. Það nýtist til veiða allt veiðitímabilið frá miðjum júní og beri uppi mestan hluta veiðitekna félagsins fyrstu þrjár til fjórar vikur hvers veiðitímabils, dýrmætan tíma þegar nær allur veiddur lax sé nýgenginn. 2) Svæðið fyrir ofan Hjálmsfoss og að Stekkjarfossi. Þangað gangi laxinn yfirleitt ekki að ráði fyrr en komi nokkuð fram í júlí. 3) Svæðið fyrir ofan Stekkjarfoss og að Lambafossi. Þar sé yfirleitt ekki veiðivon fyrr en í byrjun ágúst. 4) Svæðið ofan Lambafoss, sem orðið hafi laxgengt um 1995. Þar hafi ekki verið stunduð veiði og verði líklega ekki í náinni framtíð sökum þess hve aðgengi sé torvelt og lítill fjöldi laxa gangi á það. Sé hvað þetta varði vísað til skýrslu Veiðimálastofnunar um talningu laxa sem komust upp Lambafoss árin 1998-2001. Svæðið hafi þó með aukinni laxgengd alla möguleika til að nýtast fyrir seiðauppeldi. Svæðið sé í 140-200 m hæð yfir sjó og hitastig vatnsins sé að jafnaði lægra en í niðuránni, sem aftur hljóti að draga úr vexti og viðgangi laxaseiða.

Það sé megininntak laga um lax- og silungsveiði að gerð arðskrár gefi sem gleggsta og sanngjarnasta mynd af því hvað hinar einstöku jarðir og lönd, sem skylt sé að hafi með sér félagsskap, leggi fram til að skapa hin sameiginlegu verðmæti í veiði, sem síðan sé skipt á milli félagsmanna með arðskrá. Þessa gæti bæði í lögnum sjálfum og í reglugerð

settri á grundvelli þeirra. Þannig segi í 4. gr. laganna, að aflokinni upptalningu þeirra meginþátta, m.a. landlengdar, sem taka skuli tilliti til: „Við mat framangreindra þátta skal meta vægi þeirra við verðmætasköpun veiðivatns.“ Sömu sjónarmið beri að leggja til grundvallar við mat á öllum þeim þáttum sem upp séu taldir í 41. gr. laganna um lax- og silungsveiði. Við mat á einingafjölda sem gefið sé vegna landlengdar að ánni verði horft til þess hversu margir laxar eigi far fyrir landi jarðanna. Það sé augljóst að það land sem liggja mjög ofarlega í ánni, þar sem fáir fiskar fari um eða áin fóstri á því svæði, geti ekki talist jafn mikilvægt fyrir verðmætasköpun veiðivatns og lönd jarða sem neðar séu og allur fiskur gangi meðfram. Þá sé athygli vakin á því að ekki liggja fyrir heimildir um veiðiaðferðir né heldur veiðitölur frá fyrri tíð um netaveiddan lax í Flókadalsá. Þá hafi Pokafoss, fyrir löndum Steðja og Varmalækjar, verið með öllu ólaxgengur þar til gerður hafi verið í hann laxastigi árið 1948. Samkvæmt a-lið 41. gr. og e-lið 4. gr. reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga skuli taka tillit til aðstöðu og „réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði.“ Til upplýsingar sé á það bent að heimildir um veiði í Flókadalsá megi rekja allt aftur til elsta máldaga Bæjarkirkju, sem sé frá árinu 1358.

## 7.2. Skógar

Í greinargerð sinni til matsnefndar, dags. í ágúst 2007, vekja eigendur Skóga athygli nefndarinnar á þeim sjónarmiðum sem nefndinni beri að horfa til við gerð arðskrár samkvæmt 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 4. og 5. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 412/2007. Gera eigendurnir fyrst grein fyrir sjónarmiðum sínum með tilliti til ákvæðis a-liðar 5. gr. reglugerðarinnar og fjalla í framhaldi af því um þá meginþætti sem kveðið sé á um í 4. gr. að taka skuli tillit til við úthlutun arðs.

Vísa eigendurnir til þess að í a-lið 5. gr. reglugerðarinnar sé kveðið á um að meta skuli þær þverár sem renni í veiðivatn. Skuli horfa til þess hvort þverárnar leggi verðmæti til veiðivatns, m.a. í formi uppeldissvæða eða veiði. Í þessu sambandi sé bent á þrjá læk í landi Skóga sem allir renni í Flókadalsá. Sé þar um að ræða Djúpalæk, sem renni á merkjum Skóga og Hrísa en síðustu metrana eingöngu í landi Skóga, Brúsholtslæk, sem renni úr Bláfínsvatni á merkjum Skóga og Brúsholts, og Litlalæk (Skógalæk), sem renni úr Skógavatni og sé alfarið í landi Skóga. Djúpilækur sé sá af þessum lækjum sem hafi verið búsvæðametinn og samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar frá því í janúar 2003 hafi hann reynst vera með hæsta framleiðslugildið í neðri hluta Flókadalsár. Hafi eigendur Skóga gert tillögu um það á fundi veiðifélagsins á árinu 2003 að Djúpilækur yrði skilgreindur sem hluti af fiskihverfi Flókadalsár. Sú tillaga hafi ekki verið samþykkt en það sé skoðun eigendanna, með vísan til framangreinds reglugerðarákvæðis, að matsnefnd beri að taka tillit til framangreindra lækja, þveráa Flókadalsár í landi Skóga, við skiptingu arðs í ánni.

Varðandi viðmiðið í a-lið 4. gr. reglugerðarinnar um landlengd að veiðivatni þá komi fram í skýrslu Veiðimálastofnunar að samkvæmt mælingu gerðri á árunum 2001-2002 hafi Flókadalsá, frá ósi að Lambafossi, reynst vera 13,785 km. Samkvæmt mælingum Guðmundar Sigurðssonar ráðunautar árin 1987-1988 sé bakkalengd Skóga við Flókadalsá, án Djúpalækjar, 2,87 km. Hinn laxgengi hluti Djúpalækjar hafi verið mældur 2,6 km og því sé heildarlandlengd Flókadalsár að Lambafossi, með Djúpalæk, 16,385 km en heildarlandlengd Skóga að Flókadalsá, að meðtöldum Djúpalæk, 5,47 km. Landlengd að fiskihverfi Flókadalsár, eins og það sé nú skilgreint eftir að stækkun hafi verið gerð á því með breytingu á samþykktum félagsins á árinu 2004, að viðbættum Djúpalæk, teljist vera 21,335 km. Sé landlengd Skóga að Flókadalsá og Djúpalæk því 25,63% af heildarbakkalengdinni í fiskihverfi árinna, að viðbættum Djúpalæk, en landlengd Skóga, án Djúpalækjar, sé 20,82% af lengd Flókadalsár frá ósi að Lambafossi.

Samkvæmt b-lið 4. gr. skuli og taka tillit til flatarmáls og gerðar vatnsbotns. Samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar, V/0301, hafi botnflötur Flókadalsár fyrir landi Skóga reynst 114.273 m<sup>2</sup>, eða 29,31% af heildarbotnfleti árinna frá ósi að Lambafossi, án Djúpalækjar. Botnflötur Djúpalækjar sé 4.680 m<sup>2</sup> og sé þá botnflötur fyrir landi Skóga samantlagt minnst 118.953 m<sup>2</sup>, eða 30,15% af heildarbotnfleti árinna og 2,6 km svæðis Djúpalækjar. Samkvæmt þessu sé ljóst að botnflötur Flókadalsár og Djúpalækjar fyrir landi Skóga sé 17,63% meiri að flatarmáli en landlengd Skóga með Flóku og Djúpalæk.

Varðandi gerð vatnsbotnsins sé vakin athygli á að samkvæmt tilvitnaðri skýrslu séu skilyrði vatnsbotns á svæði 3, Skógaeyrum, milli Skóga og Eyra niður að Múlastaðafossi, mjög hagstæð. Algengasta samsetning botngerðarinnar á svæðinu sé smágrýti, 37,8%, malarbotn sé 33,4% og stórgrýti 12,8%. Klapparbotn þarna sé allur í landi Múlstaða og Brúsholts en ekki í landi Skóga. Vatnsbotnsgerðin á eyrunum fyrir landi Skóga sé því afar hagstæð. Hrygningar- og uppeldisskilyrði á Skógaeyrum, milli Skóga og Eyra, og í Djúpalæk séu því góð og samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar í raun þau bestu í ánni frá ósi að Lambafossi. Þá sé vatnsmagn árinna fyrir landi Skóga 23,22% af heildarrúmmáli árinna frá ósi að Lambafossi og sé laxgengi hluti Djúpalækjar tekinn með sé vatnsmagnið 23,79% af heildarrúmmálinu, en það sé mesta rúmtak vatns fyrir einni jörð í Flókadalsá.

Fram kemur hjá eigendum Skóga varðandi viðmiðin í c- og d-lið 4. gr. að samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar yfir árlega laxveiði á Íslandi 1974-2006 sé veiðin í Flókadalsá á þessu tímabili skráð 11.507 laxar. Eigendur hafi skoðað ljósrit af veiðibókum fyrir ána árin 1980-2006 en ekki hafi tekist að finna veiðibækur fyrir tímabilið 1974-1979. Í ljós hafi komið að meðalveiði á hvern km fyrir landi Skóga á árabílinu 1980-2006, veiðistaðir 25-36, hafi verið mun meiri en á öllu veiðisvæði Flóku frá ósi að Lambafossi. Þannig hafi heildarveiðin fyrir landi Skóga á þessu tímabili verið 2.751 lax, eða 958,53



laxar á km, og árleg meðalveiði þá 35,5 laxar á hvern km. Hins vegar hafi heildarveiðin í ánni á tímabilinu verið 8.864 laxar, eða 643,01 laxar á hvern km í ánni, og meðalveiðin þá 23,81 lax á hvern km. Árleg hlutfallsleg veiði í Flókadalsá fyrir landi Skóga sé því 49% meiri en í allri ánni.

Varðandi netaveiði taka eigendur Skóga fram að þeir telji algjörlega útilokað, og þeir mótmæli því fyrirfram, að tekið verði tillit til fyrri netaveiða við arðskrármatið nú. Hafi vakið furðu þeirra sú ákvörðun yfirmatsnefndar við gerð síðustu arðskrár að úthluta 5 einingum „með tilliti til fyrri netaveiða jarðanna Bæjar, Langholts og Laugarholts“, enda hafi hinn forni laxastofn verið gjörsamlega eyðilagður með ádrætti. Hafi áin því verið nálega laxlaus í heila öld, allt þar til að fiskirækt hafi hafist í henni á árinu 1942 og Pokafoss og Hjálmsfoss verið gerðir laxgengir á árinu 1948.

Síðasti meginþátturinn sem taka beri tillit til skv. 4. gr. reglugerðarinnar séu hrygningar- og uppeldisskilyrði. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um mat á búsvæðum í neðri hluta Flókadalsár sé ánni skipt í sjö einsleit svæði, frá Lambafossi að ósi árinna, og þau merkt nr. 1-7, en síðan sé Djúpilækur svæði nr. 8. Af þessum búsvæðum hafi Djúpilækur fengið hæsta framleiðslugildið, 46,3. Framleiðslugildi svæða nr. 2, 3, 4 og 6 hafi verið mjög áþekkt eða á bilinu 30-36, en gildin á svæðum nr. 1, 5 og 7 hafi verið mun lægri. Svæði nr. 3, fyrir landi Skóga, hafi fengið framleiðslugildið 30,5. Framleiðslueiningar fyrir landi Skóga séu 3.484 og í Djúpalæk 217, eða alls 3.701, sem samsvari 33.54% af heildarmati framleiðslueininga. Ljóst sé af skýrslum Veiðimálastofnunar að bestu hrygningar- og uppeldisskilyrðin í Flókadalsá, frá ósi að Lambafossi, séu á Skógaeyrum milli Skóga og Eyrar, svo og í Djúpalæk.

Með bréfi, dags. 20. nóvember 2007, áréttuðu eigendur framangreind sjónarmið sín. Því til viðbótar kemur þar fram að samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar og veiðibókum Flókadalsár hafi veiðin á tímabilinu 1998-2007 verið samtals 4.044 laxar. Þar af hafi 1.058 laxar veiðst fyrir landi Skóga, á veiðistöðum nr. 25-36.

Á fundi eigendanna með matsnefnd, sem haldinn var að beiðni eigendanna hinn 11. janúar 2008, og þeir fylgdu síðan eftir með bréfi, dags. í febrúar 2008, greindu þeir nefndinni frá athugasemdum sínum við Skilagrein - Búsvæðamat eftir jörðum á vatnasvæði Flókadalsár í Borgarfirði, sem Sigurður Már Einarsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, hafði unnið fyrir veiðifélag árinna. Lúta athugasemdirnar að því að í skilgreininni komi fram að ekki hafi verið unnt að skipta framleiðslueiningum Djúpalækjar til jarðanna Skóga og Hrísa, sem land eigi að læknum, þar sem ekki liggja fyrir staðfestar landlengdir þessara jarða að Djúpalæk, en efsti hluti lækjarins sé í eigu Hæls, sem ekki sé aðili að veiðifélaginu. Sé í þessu sambandi tekið fram að eigendurnir hafi með bréfi til veiðifélagsins, dags. 31. maí 2007, sem sent hafi verið í afriti til matsmanna,

vakið sérstaka athygli á því að viðurkenndar landlengdarmælingar hefðu ekki farið fram á Djúpálæk frekar en á Flókadalsá, frá Lambafossi að Drangi, og Engjadalsá, að neðsta fossi í ánni. Hafi þeir lagt til að Guðmundi Sigurðssyni yrði falið að annast verkið. Þá hafi í bréfinu verið lagt til að Sigurði Má yrði falið að gera könnun á búsvæðum laxaseiða í Litlilæk (Skógalæk) og Brúsholtslæk svo að þær niðurstöður gætu komið að gagni við arðskrármatið. Í svarbréfi stjórnar veiðifélagsins til eigendanna, dags. 21. júní 2007, hafi stjórnin vísað því til matsnefndar að ákveða hvaða upplýsingar um fiskihverfi þyrftu að vera tiltækar við arðskrármatið. Samkvæmt því, og með hliðsjón af framangreindum niðurstöðum fyrirbyggjandi búsvæðamats um mjög góð uppeldisskilyrði í Djúpálæk, sem staðfesti að Djúpilækur skuli teljast þverá Flókadalsár í skilningi a-liðs 5. gr. reglugerðar, fari eigendurnir fram á það við matsnefnd að hún sjái til þess eins fljótt og auðið sé að Djúpilækur, á merkjum Skóga og Hrísa að Flóku, verði lengdarmældur í þeirra landi og það staðfest fyrir arðskrármatið, en landamerki séu skýr. Sé þess og óskað að matsnefnd feli Sigurði Má í kjölfarið að taka með í talningu framleiðslueiningar Djúpálækjar fyrir landi Skóga og Hrísa. Þá fari eigendurnir þess á leit við matsnefnd að Litlilækur (Skógalækur) og Brúsholtslækur verði búsvæðametnir með tilliti til hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir laxfiska. Landlengd verði mæld ef búsvæðamat gefi tilefni til og framleiðslueiningar þá teknað með í búsvæðatalningu. Loks óski eigendur eftir því við matsnefnd, með vísan til 44. gr. laga nr. 61/2006, að nefndin taki sjálf ákvörðun um að kveðja til sérfræðinga, án afskipta stjórnar veiðifélagsins, til að annast um mælingu landlengdar að veiðivatni einstakra jarða við Flóku skv. a-, b-, f- og g-liðum 4. gr. tilvitnaðrar reglugerðar.

### **7.3. Hrísar, Lundur, Gullberastaðir og Lundartunga**

Í greinargerð, dags. 22. nóvember 2007, lýsa eigendur og/eða umráðamenn að svæðinu framan við Lambafoss sjónarmiðum sínum vegna arðskrárgerðarinnar. Kemur þar fram að Veiðifélag Flóku og Engjadalsár virðist hafa verið stofnað fyrir þetta svæði á sjöunda áratug síðustu aldar. Það hafi þó ekki verið viðurkennt sem lögformlegt félag samkvæmt lax- og silungsveiðilögum. Félagsmenn hafi tekið sig til á árinu 1989 og reynt að sprengja fiskgenga rennu í Lambafoss í því skyni að gera svæðið þar fyrir framan laxgengt. Þar sem árangur þeirra aðgerða hafi ekki reynst fullnægjandi hafi síðan verið gerðar endurbætur á þeirri framkvæmd sumarið 1991. Hafi veiðifélagið þá um árabíl sleppt seiðum á svæðið en einnig flutt þangað lax til hrygningar. Fljótlega eftir framangreindar lagfæringar hafi fiskur farið að ganga þangað fram eftir. Hafi veiðar þó ekki verið reyndar þar fyrir en á árinu 1995, en þá hafi fengist þar nokkrir laxar og hrygning verið staðfest. Veiðimálanefnd hafi þó í fyrstu ekki viljað samþykkja nýtt veiðifélag á svæðinu og hefði því lyktað með því, eftir nokkurt þóf, að Veiðifélag Flóku og Engjadalsár hafi verið sameinað Veiðifélaginu Flóku. Hafi bráðabirgðaarðskrá og skipting kostnaðar við undan-gengna fiskirækt síðan verið samþykkt.

Það svæði er hér um ræði nái frá Lambafossi inn að Drangi við Flókadalsá og frá ármótum Engjadalsár að ófiskgengum fossi í henni. Hvað Flókadalsá snerti sé hún fær laxi mun lengra inn á fjallið, en ekki hafi enn fundist merki um hrygningu framan við Drang. Því hafi efstu mörk félagssvæðisins verið sett þar. Hins vegar hafi 5.000 sumaröldum seiðum verið sleppt nokkru fyrir ofan Drang haustið 2003. Sé því vel mögulegt að nú megi finna hrygningu þar en það hafi ekki enn verið rannsakað. Ljóst sé að þegar lax hafi náð að festa sig þar í sessi verði farið fram á stækkun félagssvæðisins. Varðandi Engjadalsá taki veiðiréttarhafar fram að hún sé að ýmsu leyti vel fallin til uppeldis fyrir lax þar sem hún sé nokkru heitari en Flókadalsá. Litlu muni að hún sé laxgeng fram alla Engjadali og væntanlega verði gert fiskgengt þangað í framtíðinni. Veiðistaðir séu nokkrir á þessum svæðum en vegna torleiðis þar og rúmgóðra veiðisvæða, neðan við Lambafoss, og þar sem svæðið hafi verið talið mikilvægt til hrygningar og uppeldis, hafi verið samkomulag um að beina veiðimönnum ekki þangað að sinni.

Samkvæmt framangreindu sé verðmæti þessa svæðis fyrir félagsheildina nú einkum tengt seiðaframleiðslu. Í ljósi þess að svæðið sé ekki fullnýtt til uppeldis hafi verið um það samstaða að friða það fyrir veiðum. Því sé veiðireynsla þar lítil og aflatölur lágar. Fari veiðiréttareigendur fram á að svæðið verði ekki látið gjalda friðunarinnar heldur verði aflatölur framreiknaðar, að minnsta kosti samsvarandi því sem hafi veiðst árin 1995 til og með árinu 2000, áður en svæðið hafi verið friðað. Nemi sú veiði 2,7 löxum á ári. Fullvíst megi telja að með aukinni ástundun hefði meiri veiði fengist og sé þess óskað að matsmenn að minnsta kosti tvöfaldi skráðar tölur ef starfsreglur standi því ekki í vegi. Megi í því sambandi minna á að samkvæmt fyrirmælum gildandi laga beri matsmönnum að líta til „aðstöðu til veiða“ en ekki aðeins veiðitalna.

Að svo stöddu séu engar athugasemdir gerðar við mælingu Guðmundar Sigurðssonar á bakkalengd svæðisins en áskilinn sé réttur til að endurskoða þá ákvörðun komi fram nýjar upplýsingar meðan á matsmeðferðinni standi. Hins vegar sé vakin athygli á að einn aðalstyrkur Flókadalsár sem veiðivatns sé hve vel hún haldi vatni í þurrkatíð. Verði að teljast eðlilegt að í matinu sé miðað við hlutfall vatnsmagns eins og það sé við slíkar aðstæður. Heildarvatnasvið árinna sé talið vera 160 ferkílómetrar, og þar af 116 (73%) fyrir framan Lambafoss. Ljóst sé að ef dulið vatnasvæði lindanna í Okhryggjum sé talið með verði vatnasvæði efri hlutans stærra en að framan greini. Þannig hátti til að engar hliðarar falli til Flókadalsár, neðan Engjadalsár, og ekki nema fáir lækir, flestir vatnslitlir og þorni að mestu upp í þurrkum. Því sé gerð sú eðlilega krafa að vatnsmagn kaflans frá Lambafossi að ármótum Flókadalsár og Engjadalsár verði metið sem 90% af vatnsmagni neðsta hluta árinna, sem síðan verði deilt milli ána í hæfilegum hlutföllum. Því miður finnist engar marktækar mælingar á rennslismagni þeirra, en kunnugir menn álíti að vatnsmagn Engjadalsár sé nálægt þriðjung af heildarrennsli beggja ána, þar sem þær mætist.

Ítrekað sé að seiðauppeldi á þessu svæði sé mjög þýðingarmikið fyrir laxgengd á öllu félagssvæðinu og sé hvað það varði vísað til vandaðra skýrslna fiskifræðinga um hrygningar- og uppeldisskilyrðin á þessu svæði. Sé þess því krafist að tekið verði fullt tillit til allra þeirra framleiðslueininga sem séu reiknaðar í búsvæðamatinu. Auk þess sé þess sérstaklega óskað að verði þverlækir neðar í ánni teknir til mats hljóti að teljast eðlilegt með vísan til jafnræðisreglunnar að ekki sé staðnæmst við Drang, hvað Flókadalsá snerti, heldur sé sú á metin allt til upptaka. Óska veiðiréttareigendurnir að lokum eftir því að þeim verði veittar upplýsingar um hvaða hliðarlækir verði teknir með í matsgerðinni þannig að þeir geti gætt hagsmuna sinna sem best á framangreindum forsendum.

## **8. Skipting arðs**

### **8.1. Almenn**

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“

Samkvæmt 11. gr. samþykktu fyrir Veiðifélagið Flóku nr. 1082/2007, frá 1. nóvember 2007, skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Í gildandi arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóku frá 2004 er arði skipt milli jarða og miðað við 1.000 einingar og arðskrá birt með þremur aukastöfum. Í mati þessu er hinsvegar hafður á sá háttur að miða við 10.000 einingar. Hér að neðan kemur niðurstaða matsnefndar um það hvernig einingum er skipt með tilliti til einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og reglugerð nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með tveimur aukastöfum og verður einingum þessum skipt milli veiðiréttarhafa á félagssvæði Flókadalsár, sem nær frá Ósi að Drangi við Flókadalsá og að neðsta fossi í Engjadalsá.

### **8.2. Aðstaða til netaveiði**

Samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar liggur þar fyrir skráning á veiði í Flókadalsá allt frá árinu 1946. Samkvæmt því var hún fremur lítil allt til ársins 1965, en upp frá því hafi veiðin aukist verulega. Í bókinni Vötnin ströng, sem út kom árið 1972, ritar Björn J. Blöndal ítarlega um veiðistaði í Flókadalsá. Einnig rifjar hann upp það sem hann veit um laxinn í ánni og veiðina þar fyrir á tímum. Þar kemur fram að fyrir löndum Varmalækjar

og Steðja hafi eitthvað verið veitt í ádrátt, en varla í miklum mæli. Þá hafi hann góða heimild um að lax hafi verið veiddur með ljóstri frá Steðja nálægt árinu 1880. Loks sé getið um verulega ádráttarveiði í Bæjarlandi um og upp úr 1876. Þar hafi árlega verið veiddir um 200 fiskar, en veiðin hafi í framhaldi farið minnkandi allt þar til áin varð laxlaus með öllu. Lax hafi síðan komið í ána á ný sumarið 1948 í kjölfar laxasleppinga árin á undan.

Eigendur Skóga hafa mótmælt því að tekið verði tillit til fyrri netaveiða við arðskrármatið nú, enda hafi hinn forni laxastofn verið gjörsamlega eyðilagður með ádrætti með þeim afleiðingum að Flókadalsá hafi verið nálega laxlaus í heila öld. Fram hefur komið hjá eigendum Bæjar, Bæjar II, Nýja-Bæjar, Laugarholts, Langholts, Varmalækjar og Steðja að ekki liggi fyrir veiðitölur frá fyrri tíð um netaveiddan lax í ánni. Þá hafi Pokafoss, fyrir löndum Steðja og Varmalækjar, verið með öllu ólaxgengur þar til gerður hafi verið í hann laxastigi árið 1948. Þá benda landeigendurnir á að við úthlutun arðs skuli taka tillit til aðstöðu og „réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði.“ Vísa þeir í því sambandi til þess að heimildir séu um veiði í Flókadalsá allt aftur til elsta máldaga Bæjarkirkju frá árinu 1358.

Ljóst er af gögnum að á fimmta áratug síðustu aldar hófst mikið ræktunarstarf í Flókadalsá ásamt því að veiðisvæðið var stækkað til muna með fiskvegagerð. Í framhaldi þessa hefur orðið veruleg aukning á veiði í ánni. Eingöngu er veitt á stöng sem skilað hefur auknum verðmætum til veiðiréttareigenda. Verður ekki annað séð en það hafi komið öllum eigendum til góða, enda hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem gefa vísbendingu um að hlutur einstakra jarða væri betri ef netaveiðar væru leyfðar í ánni.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða matsnefndar að við skiptingu arðs samkvæmt arðskrá þessari verði ekki úthlutað einingum vegna aðstöðu til netaveiði.

### **8.3. Aðstaða til stangveiði**

Mat á þessum þætti er byggt á gögnum frá Veiðimálastofnun um veiði á einstökum veiðistöðum í Flókadalsá og skiptingu veiðinnar á jarðir vegna árunna 1997 til 2009, að báðum árum meðtöldum. Ekki er gerður greinarmunur á hvort fiskum er sleppt eða þeim landað. Skýrsluhald um laxveiði í ánni hefur á því þrettán ára tímabili sem mat þetta byggir á verið mjög traust og voru þá skráðir í ánni 5.874 laxar. Þar af var skráður 5.861 lax eftir merktum og tölusettum veiðistöðum.

Sé hlutfall einstakra jarða í veiði á viðmiðunarárunum skoðað kemur í ljós að hlutfallsleg aukning hefur verið á veiði neðantil í ánni á meðan veiði um miðhluta hennar hefur minnkað sem hlutfall af heildarveiði. Þannig hefur veiði á Varmalæk og Hellum aukist úr 14 til 16% á árunum 1997 til 1999 í 24 til 26% á árunum 2008 og 2009. Á sama hátt

hefur veiði á Bæ aukist úr því að vera innan við 1% á fyrrnefndu árunum í 2 til 3% á seinni árunum og á Steðja hefur veiðin aukist úr 13 til 19% upp í 24 til 26%. Á sama tíma hefur veiði á Múlastöðum minnkað úr um 21% í 8 til 10% og á Skógum úr 12 til 17% niður í rúmlega 8%, sem hlutfall af heild. Þetta er og í samræmi við gögn, sem matsmenn hafa undir höndum, um að veiði hafi aukist neðst og efst í ánni, frá viðmiðunartímabili síðustu matsgerðar til þess viðmiðunartímabils er þessi matsgerð byggir á, en hlutdeild miðsvæðisins minnkað að sama skapi. Í þessu sambandi er einungis miðað við veiði upp að Lambafossi.

Á tímabilinu frá 1974 til 2009 hefur laxveiðin verið frá 181 laxi til 768 laxa á ári. Að meðaltali hefur veiðin verið 373 laxar á þessu tímabili. Á árunum frá 1974 til 1980 var meðalveiðin 415 laxar. Veiðin minnkaði á næsta áratug, í 273 laxa að meðaltali, en á árunum 1991 til 2000 var meðalveiðin 332 laxar. Síðan þá og til 2009 var meðalveiðin 496 laxar og sínu mest síðustu tvö ár, en þá var veiðin um 750 laxar hvort ár. Urriðaveiði er lítil en einungis voru skráðir 79 veiddir urriðar á þessu tímabili. Á sama tíma hefur einungis ein bleikja verið skráð.

Afli sem ekki hefur verið skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með við úthlutun arðs. Gildir þetta jafnt um lax og silung. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 5.100 einingum milli veiðiréttar-eigenda eftir hlutdeild þeirra í laxveiði.

Þá er niðurstaða matsnefndar að hæfilegt sé að skipta 10 einingum milli veiðiréttar-eigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í silungsveiði.

#### **8.4. Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns**

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdar-eininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Þá er hvað þetta varðar einnig horft til aðgengis að

veiðistöðum og verðmætasköpunar einstakra svæða. Loks má benda á að við úthlutun eininga í samræmi við búsvæðamat, sbr. kafla 8.5 hér á eftir, er einingum úthlutað miðað við botngerð og flatarmál vatnsbotns. Eftir því sem árbotninn er stærri og betri að gæðum fá einstakir árhyltar þar meira vægi.

Meðal þeirra gagna er matsmenn fengu í hendur við vinnu sína eru töflur um landlengd einstakra jarða, unnar af Guðmundi Sigurðssyni. Bakkar fyrir neðan Lambafoss voru mældir árin 1987 og 1988, en bakkar Flókadalsár og Engjadalsár ofan við Lambafoss voru mældir árið 2007. Í mælingunni 2007 var stuðst við GPS-mælingu Sigurðar Más Einarssonar frá árinu 2001. Mælingar þessar voru staðfestar af landeigendum með undirskrift. Reyndist lengd árinna vera 13.712 m neðan við Lambafoss en 1.757 m frá Lambafossi að ármótum Flókadalsár og Engjadalsár. Þaðan að Drangi við Flókadalsá er áin 1.307 m og Engjadalsá er 1.794 m frá ármótum að neðsta fossi. Mælingin er lögð óbreytt til grundvallar í matinu.

Eigendur Skóga fóru fram á að landlengd lækja sem renna um Skógaland yrði mæld og tillit tekið til þess við matsgerð. Samkvæmt b-lið 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og a-lið 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni. Samkvæmt 59. tl. 3. gr. laga um lax- og silungsveiði er veiðivatn skilgreint þannig: „Á eða stöðuvatn sem veiði er í, eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar“. Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að hvorki umræddir lækir, né aðrir lækir sem falla í Flókadalsá, geti talist veiðivatn í skilningi laganna. Vatnsmagn er þar lítið, engin veiði þar skráð samkvæmt gögnum Veiðimálastofnunar eða fyrirliggjandi önnur gögn sem gefa vísbendingu um nokkra veiði.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki úthlutað einingum vegna landlengdar lækja sem falla í Flókadalsá. Á það er hins vegar bent að um þverár og læki sem leggja ánni til verðmæti í búsvæðum er fjallað í kafla 8.5.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.400 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd Flókadalsár frá ósi að Lambafossi. Samkvæmt fyrrnefndum viðmiðum er niðurstaða matsnefndar sú að bakkar Flókadalsár fái vægið 1, að undanskildum 2.000 m kafla neðan við Lambafoss, en þar fái bakkar vægið 0,8. Það er gert með tilliti til þess að lax gengur seinna á það svæði ár hvert og þess hvernig aðgengi að svæðinu er háttað.

Með tilliti til þess að ekki eru mörg ár síðan lax fór að nema land fyrir ofan Lambafoss verður það svæði metið sérstaklega og um það fjallað í kafla 9.1 hér á eftir.

## 8.5. Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa, en jafnan hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að meta verðmæti þessara skilyrða við arðskrárgerð. Sérfræðilegu mati á búsvæðum er ætlað að bæta úr þessum erfiðleikum.

Árin 2001 og 2002 voru búsvæði Flókadalsár kortlögð af starfsmönnum Veiðimálastofnunar með tilliti til uppeldis- og hrygningarskilyrða. Samkvæmt skýrslu stofnunarinnar var vatnasvæðinu skipt niður í einsleita kafla þar sem botngerð og rennslishættir voru með svipuðum hætti. Á hverjum kafla voru tekin þversnið, þar sem botngerð var metin og skipt í fimm flokka eftir kornastærð, auk þess sem breidd og dýpi árinna var skráð. Gæði botns eru metin mest þar sem mikið er um smágrýti en lægst þar sem leir og sandur er í botni. Hundradshluti botngilda er þannig metinn 0,55 þar sem mikið er um smágrýti en 0,02 þar sem leir og sandur er í botni. Við útreikninga á gæðum búsvæðanna var hundradshluti, sem hver kornastærð fékk á hverju svæði, margfölduð með botngildi hvers botngerðarflokks og síðan var margfeldi botngilda og hundradshluta lagt saman fyrir hvert svæði og fékkst þá svokallað framleiðslugildi. Framleiðslugildið var margfaldað með stærð botnflatar og fékkst þá fjöldi framleiðslueininga svæðisins.

Eftir að vinna hófst við arðskrármatið fór veiðifélagið þess á leit við Veiðimálastofnun að stofnunin skipti framleiðslueiningum, samkvæmt mati á búsvæðum innan marka félagssvæðisins, á milli jarða. Liggur þessi skipting nú fyrir í sérstakri skilagrein stofnunarinnar frá nóvember 2007.

Eins og áður hefur komið fram lögðu eigendur Skóga ríka áherslu á að búsvæði lækja í landi þeirra yrðu metin og lengd þeirra mæld ef búsvæðamat gæfi tilefni til. Í framhaldi þessa fór matsnefnd þess á leit við Veiðimálastofnun að rannsakaðir og mældir yrðu allir þeir hliðarlækir sem renna í Flókadalsá og gætu haft gildi fyrir búsvæði laxfiska. Jafnframt var þess óskað að framleiðslueiningum hliðarlækja yrði skipt á jarðir innan veiðifélagsins. Niðurstöður birtust í skýrslu sem unnin var í júlí 2009. Þar kemur fram að sama aðferðafræði hafi verið notuð við búsvæðamat hliðarlækja og við mat á búsvæðum Flókadalsár. Jafnframt kemur þar fram að heildarframleiðslueiningar á vatnasvæðinu séu 13.884. Þessar einingar skiptist þannig að 10.817 einingar séu í Flókadalsá frá ósi að Lambafossi, 1.952 einingar í Flókadalsá frá Lambafossi að Drangi, 887 einingar í Engjadalsá að neðsta fossi, 132 einingar í Djúpalæk, 82 einingar í Litlalæk og 14 einingar í Brúsholtslæk.

Samkvæmt skýrslunni skiptast framangreindar 13.884 framleiðslueiningar í eftirtöldum hlutföllum milli jarða: Bær 9,37%, Steðji 8,96%, Brúsholt 5,87%, Skógar 13,53%, Hrisar 14,69%, Langholt/Laugarholt 1,83%, Varmilækur/Hellur 7,83%, Múlastaðir 10,39%, Eyri 14,53%, Lundur 3,90%, Gullberastaðir 3,02% og afréttur 6,09%.



Niðurstaða matsnefndar er að leggja ofangreinda skiptingu framleiðslueininga á jarðir til grundvallar við úthlutun eininga vegna þessa þáttar. Telur nefndin hæfilegt að skipta 2.100,3 einingum milli veiðiréttareigenda með tilliti til uppeldis- og hrygningarskilyrða í þeim hlutföllum sem að framan greinir.

Fyrir liggur búsvæðamat frá 2002 vegna vatnasvæðisins ofan við Lambafoss. Inni í því mati eru búsvæðin fyrir ofan Drang við Flókadalsá og ofan við neðsta foss í Engjadalsá. Ekki er í mati þessu tekið tillit til þeirra framleiðslueininga, enda eru efri mörk fiskihverfis árinna annars vegar við Drang og hins vegar við neðsta foss í Engjadalsá.

## **9. Aðrir þættir**

### **9.1. Flókadalsá ofan við Lambafoss**

Svæðið fyrir ofan Lambafoss var tekið inn í veiðifélagið árið 2004 og hefur mjög mikla sérstöðu á félagssvæðinu. Þar er mjög takmörkuð veiðireynsla, land liggur þar hátt og aðgengi að ánni er miklum takmörkunum háð. Svæðið er hins vegar talið mikilvægt fyrir seiðabúskap og eftir lagfæringar á Lambafossi er lax farinn að nema þar land. Í kafla 8.5 hér að framan var gerð grein fyrir úthlutun eininga með tilliti til búsvæðamats og var veiðiréttareigendum á þessu svæði þar úthlutað einingum á sama grundvelli og eigendum annars staðar á félagssvæðinu. Hins vegar var ekki úthlutað neinum einingum til eigenda ofan Lambafoss í köflum 8.3 og 8.4 hér að framan. Er í þess stað úthlutað einingum til þeirra í einu lagi með tilliti til landlengdar, vatnsmagns, aðstöðu til veiði og friðunar, að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem eru á verðmætasköpun vegna legu.

Niðurstaða matsnefndar er að úthluta vegna framangreindra þátta með eftirfarandi hætti: Til veiðiréttareigenda Flókadalsár frá Lambafossi að ármótum við Engjadalsá 212,2 einingum. Til veiðiréttareigenda Flókadalsár fyrir ofan ármótin að Drangi 105,3 einingum og til veiðiréttareigenda Engjadalsár að neðsta fossi 72,2 einingum. Verður þessum einingum skipt niður í samræmi við mælda landlengd hverrar fasteignar.

### **9.2. Ósasvæðið**

Lögmaður eigenda Langholts og Laugarholts setti fram þá kröfu 16. mars 2009 að svonefnd Ádráttarkvísl yrði metin til arðs í Flókadalsá í samræmi við ákvæði 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Í bréfi hans kom fram að tilgreind Ádráttarkvísl sé: „... öll (þ.e. beggja vegna) í landi jarða umbjóðanda minna sbr. landamerkjabréf. Sýnist ekki ágreiningur gerður um þá staðreynd ...“ Í framhaldi þessa ákvað matsnefnd að kynna erindi þetta fyrir eftirgreindum aðilum: Veiðifélaginu Flóku, Veiðifélagi Reykjadalssár, Veiðifélagi Hvítár í Borgarfirði og Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafljóts. Einnig var eigendum jarðarinnar Kletts kynnt erindið. Var þessum aðilum gefinn kostur á að koma með athugasemdir eða andmæli við framangreinda kröfu.

Eigendur Kletts og talsmenn Veðifélags Reykjadalsár mótmæltu þessari kröfugerð.

Þar sem fram var komið að ágreiningur væri um framangreindar forsendur kröfugerðar eigendanna, og þar sem ágreiningsefnið snerti fleiri aðila en þá sem aðild eiga að arðskrármáli þessu, var niðurstaða matsnefndar sú að hafna bæri framkominni kröfu um að Ádráttarkvíslin yrði metin til arðs í Flókadalsá í matsgerð þessari. Eigendunum var hins vegar á það bent að unnt væri að bera ágreining vegna þessa undir úrskurð nefndarinnar með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga um lax- og silungsveiði.

### **9.3. Sleppitjarnir**

Á tímabili fyrir allmörgum árum var sleppt sumaröldum seiðum í ána en matsmönnum er ekki kunnugt um að sleppitjarnir séu við ána. Hefur þessi þáttur ekki áhrif á skiptingu arðs í mati þessu.

### **9.4. Laxastigar og/eða fiskivegir**

Áður hefur verið gerð grein fyrir hvernig áin var gerð laxgeng. Fyrir liggur að framkvæmdir þessar hafa haft veruleg áhrif á veiði og verðmæti árinna í heild og skiptingu veiði á einstaka staði, en umfram það verða þær ekki láttnar hafa áhrif á skiptingu arðs í mati þessu.

### **9.5. Framkvæmdir á vegum veiðfélags**

Í 2. kafla hefur verið vikið að framkvæmdum á vegum veiðfélagsins en þær eru ekki taldar hafa áhrif á skiptingu arðs.

## **10. Kröfur einstakra veiðiréttareigenda**

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari fyrir Flókadalsá umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum er hafnað.

## **11. Kostnaður, gildistaka o.fl.**

Allur kostnaður af mati þessu, 3.740.986 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélaginu Flóku og rennur hann í ríkissjóð.

Vinna við matsgerð þessa hefur tafist nokkuð, m.a. vegna gagnaöflunar, rannsóknarvinnu og fjölda þeirra matsmála sem til meðferðar eru. Þá leiddi það einnig til nokkurrar seinkunar á frágangi matsgerðar að í mars 2009 barst nefndinni ný krafa sem varðaði mörk félagssvæðisins og áður hefur verið greint frá.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

## Arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóku

Niðurstaða matsmanna er að arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóku í Borgarfirði skuli vera sem hér greinir:

	Einingar
Lundartunga.....	216,64
Gullberastaðir.....	97,46
Lundur.....	182,28
Hrísar.....	1.067,26
Eyri.....	1.278,74
Skógar.....	1.160,57
Múlastaðir.....	1.258,34
Brúsholt.....	700,11
Stedji.....	1.579,77
Varmalækur.....	1.537,18
Bær.....	755,73
Langholt/Laugarholt.....	165,92
<b>Samtals</b>	<b>10.000,00</b>

Reykjavík 4. desember 2009

**Örlygur Hnefill Jónsson**  
formaður

**Ásgeir Magnússon**

**Magnús Ólafsson**

## Gögn til afnota við matsgerð

### A. Gögn um veiði

1. Skilagrein, skipting veiði í Flókadalsá eftir veiðistöðum 1997-2007, VMST-G/07013.
2. Skilagrein Veiðimálastofnunar, skipting veiði í Flókadalsá eftir veiðistöðum 1997-2009, tölvuskrá.
3. Skilagrein Veiðimálastofnunar, skipting á urriðaveiði í Flókadalsá eftir veiðistöðum 1997-2009 tölvuskrá.
4. Flókadalsá, árleg heildarveiði 1974-2009, samantekt Veiðimálastofnunar.
5. Veiði í Flókadalsá árin 1984-1993, skipt niður á bæi.

### B. Gögn um land og búsvæði

1. Skilagrein. Búsvæðamat eftir jörðum á vatnasvæði Flókadalsár í Borgarfirði, nóvember 2007, VMST-G/07012.
2. Laxgengd og seiðabúskapur ofan Lambafoss í Flókadalsá 2001, VMST-V/0211.
3. Mat á búsvæðum fyrir laxaseiði á efri hluta Flókadalsár í Borgarfirði, júní 2002, VMST-V/0212.
4. Skilagrein. Búsvæðamat á hliðarlækjum í Flókadalsá í Borgarfirði, júlí 2009, VMST-G/09003.
5. Mæling á bakkalengd Flókadalsár, unnið af Guðmundi Sigurðssyni árin 1986 og 1988.
6. Mæling á bakkalengd Flókadalsár og Engjadalsár, unnið af Guðmundi Sigurðssyni, júlí 2007.
7. Loftmynd sem sýnir landamerki jarða.
8. Kort af Flókadalsá sem sýnir staðsetningu meirihluta allra veiðistaða og skrá yfir veiðistaði.
9. Flókadalsá í Borgarfirði, Fiskirannsóknir 1997 VMST V/9709X.
10. Mat á búsvæðum laxaseiða á neðri hluta Flókadalsár, VMST V/0301.
11. Laxastofn Flókadalsár í Borgarfirði, rannsóknir 1993. VMST-V/93016X.

### C. Arðskrár

1. Arðskrá Flókadalsár frá 1964.
2. Arðskrá Flókadalsár yfirmat 1994.
3. Arðskrá Flókadalsár fyrir árin 2004, 2005 og 2006 staðfest af landbúnaðarráðherra 2004.

### D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf frá eigendum Skóga dags. 8. maí 2007.
2. Afrit af bréf frá eigendum Skóga til Veiðifélagsins Flóku dags. 31. maí 2007 .
3. Bréf frá eigendum Skóga dags. okt. 2007.
4. Bréf frá eigendum Skóga dags. 20. nóv. 2007 ásamt yfirliti um laxveiði fyrir landi Skóga 1998-2007.
5. Gögn frá eigendum Skóga afhent á fundi í Brún 5. sept 2007, eða bærust fyrir fundinn.
  - a. Greinargerð: Sjónarmið og skoðanir eigenda Skóga
  - b. Arðskrá fyrir Flókadalsá 1957-2007
  - c. Laxveiði í Flókadalsá 1980-2006
  - d. Vötnin Ströng 1972, Flókadalsá: Björn J. Blöndal
6. Bréf frá eigendum Skóga í framhaldi af fundi með matsmönnum, dags. febrúar 2008.
7. Bréf frá eigendum Langholts, Laugarholts, Steðja og Bæja, dags 15. nóv. 2007.
8. Bréf frá eigendum jarða Flókadalsár og Engjadalsár framan við Lambafoss, dags. 22. nóv. 2007.

Því bréfi fylgdi skýrsla um veiði í Flókadalsá ofan við Lambafoss árin 1995-2000.
9. Bréf frá lögmanni eigenda Langholts og Laugarholts, dags 16. mars 2009.

Fylgigögn: Loftmynd af ósasvæði Flókadalsár og Reykjadalárs við Hvítá og landamerkjabréf Langholts.  
Matsmenn öfluoðu samþykktu fyrir aðliggjandi veiðifélag og átta bréfaskipti við aðila vegna þessa máls.

### E. Bréf, fundargerðir, samþykktir, leigusamningar o.fl.

1. Bréf formanns yfirmatsnefndar samkv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf matsmanna til stjórnar Veiðifélagsins Flóku, dags. 9. mars 2007; beiðni um gögn.
3. Bréf formanns veiðifélagsins, dags. 21. júní 2007, ásamt gögnum.
4. Bréf matsmanna til félagsmanna, dags. 25. okt. 2007.
5. Bréf formanns veiðifélagsins, dags. 12. des. 2007, ásamt gögnum.
6. Fundargerð Veiðifélags Flóku, dags. 5. sept. 2007, með matsmönnum.
7. Samþykkt fyrir Veiðifélag Flóku nr. 1082/2007.
8. Afrit af bréfi stjórnar Veiðifélagsins Flóku til eigenda Skóga, dags. 21. júní 2007.
9. Rekstrarreikningar Veiðifélagsins Flóku 2004 til 2007.
10. Ýmis bréf og gögn varðandi búsvæðamat í hliðarlækjum.